

Stjórnarfundur Kolviðar

9. mars 2018

Mætt: Reynir Kristinsson, Jónatan Garðarsson, Einar Gunnarsson, Snorri Baldursson og Salome Hallfreðsdóttir, sem ritar fundargerð.

1) Fundargerð síðasta fundar 30. okt. 2017

Fundargerð var ekki skoðuð.

2) Uppgjör ársins 2017 og áætlun fyrir árið 2018

Farið yfir uppgjör gróðursetningar 2017 og áætlun ársins 2018. Tengsl hafa verið við FESTU og á grundvelli vinnu þeirra um samfélagslega ábyrgð hafa fyrirtæki nýtt sér þjónustu Kolviðar við að kolefnisjafna óhjákvæmilega losun hjá sér. Þessi þróun mun vonandi halda áfram. Kolviður þarf að tryggja sér land fyrir starfsemi sína og ávallt að hafa nægt land til gróðursetningar. Verið er að skoða möguleg lönd undir Kolviðarskóg og slíkt þyrfti einnig að gera m.a. fyrir endurheimt votlendis, en mikilvægt að velta fyrir sér hvar við viljum vera.

3) Samstarf við Votlendissjóðinn

Hluti stjórnarmanna fundaði með fulltrúum undirbúningshóps Votlendissjóðsins fyrr í vikunni þar sem tilvonandi Votlendissjóður var kynntur og ræddur. Umræður spunnust um sjóðinn og hugmyndafræðina á bakvið hann. Athugasemdir bárust um að áreiðanlegar tölur vanti hér á landi vegna endurheimtar votlendis. Bent á að vitað sé að losun frá framræstu landi sé mjög mikil, einhverjar íslenskar rannsóknir eru til, þó ekki úr ritrýndum greinum, og mikilvægt að rannsóknnum verði haldið áfram. Umræður um þetta efni spunnust áfram til næsta liðar.

4) Stefnumótun Kolviðar til samþykktar

Stefnumótunarskjal Kolviðar 2018-2025 tekið til umræðu. Umræður um að stefnuskjalið ætti að geta verið breytanlegt og lifandi plagg að einhverju leyti. Rætt var um hvort markvissara væri að vera með fimm ára stefnu Kolviðar, en engar ákvarðanir teknar um slíkt.

Umræður spunnust um innihald núverandi draga stefnuskjalsins. Varan sem Kolviður selur var mikið rædd og hugmynd kom upp um að selja þrjár vörur, þ.e. a) nytjaskóg, b) birkiskóg og c) endurheimt votlendis. Hugmynd var tekið ágætlega og var Snorra falið að skoða valkost c). Áætlað er að í stefnuskjalinu verði til töflur yfir bindingu/heftun fyrir alla þrjá flokkana. Áætlaður fundur í tengslum við þessi mál verður 16. apríl.

Afgreiðslu frestað en stefnt að því að stefnumótunarskjalið komi út í vor.

5) Ársfundur Kolviðar fimmtudaginn 26. apríl

Aðalfundur Kolviðar verður haldinn 26. apríl frá kl. 12-14. Hugmynd kom um að halda fundinn á Kaffi Nauthól. Salome tók að sér að kanna hvort salurinn sé laus á þessum tíma.

6) Samstarf á Norðurlandi; Húsavík og Akureyri

Rætt var hvort sjóðurinn vilji kosta Reyni á fund fyrir norðan. Engin ákvörðun tekin.

7) Endurskoðun heimasíðu

Rætt um að endurskoða þurfi heimasíðuna og áætlað að gera það um leið og stefnumótunarskjalið verði til. Rætt um nafnið Iceland Carbon Fund á ensku.

Fundi slitið kl. 13:50.